

Geir H. Haarde, forsætisráðherra
Forsætisráðuneytinu
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. júní 2008

Hæstvirtí forsætisráðherra

Nýverið gaf nefnd forsætisráðherra um ímynd Íslands frá sér skýrsluna *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna* sem inniheldur afrakstur af starfi nefndarinnar. Þar kemur fram að ein af undirstöðum ímyndar Íslands eigi að vera uppruni þjóðarinnar og þá m.a. eftirfarandi þættir í sögu hennar:

Fyrstu Íslendingarnir voru fólk sem kom hingað í leit að frelsi og betri lífsskilyrðum. Þjóðin bjó lengstum við kröpp kjör en þegar hún fékk frelsi og sjálfstæði tók hún stökk frá því að vera þróunarland til þess að verða ein ríkasta þjóð í heimi á innan við öld. Íslendingar eru dugleg og stolt þjóð, mótuð af lífsbaráttu í harðbýlu landi. Mikilvægasti menningararfur Íslendinga, íslensk tunga, lifir í máli þjóðarinnar og í bókmenntum hennar.¹

Sagnfræðingafélagi Íslands finnst rétt að benda á að þessar fáu setningar fela m.a. í sér söguskoðun sem er á skjön við sagnfræðirannsóknir síðustu 30-35 ára. Hún sver sig fremur í ætt við þá söguskoðun sem mótuð var í sjálfstæðisbaráttunni í pólitískum tilgangi. Þeirri söguskoðun hafa fjölmargir sagnfræðingar andmælt síðustu áratugi og komið fram með sannfærandi rök sínu máli til stuðnings. Greina má goðsagnir á borð við frelsisþrá landsnámsmanna og nýja gullöld í kjölfar sjálfstæðis sem voru meðal þeirra sem skapaðar voru til að réttlæta sjálfstæðiskröfuna. Einnig má sjá að nútímahugtök og –viðmið eins og „betri lífsskilyrði“ og „þróunarland“ eru notuð yfir fortíð þar sem óvíst er að þau hafi haft nokkuð gildi.

Sannarlega er umdeilt hvort ímyndir hafi nokkuð með sannleika að gera. Hins vegar lýsir nefndin því yfir að „[á]rangursrík ímyndaruppbygging þarf að byggjast á einkennum lands og þjóðar sem eru sönn eða „ekta“ og eiga sér djúpar rætur.“² Ofangreindar staðhæfingar um sögu íslensku þjóðarinnar geta því varla samræmst skilgreiningu nefndarinnar á árangursríkri ímyndaruppbyggingu nema að því leyti að fyrrnefndar goðsagnir eiga sér sannarlega djúpar rætur.

¹ *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna*. [Forsætisráðuneytið], mars 2008, bls. 25.

² Sama heimild, bls. 24.

Meðfylgjandi er listi yfir áhugaverðar rannsóknir og umfjallanir fræðimanna annars vegar um ímyndir og hins vegar endurskoðunina á þeirri pólitísku söguskoðun sem ríkti á Íslandi fram á 8. áratug síðustu aldar. Það er von Sagnfræðingafélags Íslands að ekki verði litið fram hjá rannsóknum sagnfræðinga og annarra fræðimanna á síðustu áratugum við ímyndarsköpun Íslands á vegum hins opinbera. Jafnframt má benda á að ávallt er hægt að leita til félagsins sem veitir faglega aðstoð eftir bestu getu og er vilji meðal stjórnarmanna að halda fund með fagfólki og fulltrúum nefndarinnar um sagnfræði og ímyndarsköpun.

Virðingarfyllst

f.h. Sagnfræðingafélags Íslands
Íris Ellenberger, formaður

Samhljóða bréf sent til Svöfu Grönfeldt, formanns nefndar forsætisráðherra um ímynd Íslands.

Heimildalisti

- Arnar Guðmundsson, „Átökin um „Íslendinginn“. Drög að nýrri sjálfsmynd Íslendinga“, Íslenska sögubíngið 28.-31. maí 1997. *Ráðstefnurit I*. Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson ritstjórar. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands, Reykjavík 1998, bls. 268-77.
- Arnar Guðmundsson, „Mýtan um Ísland. Áhrif þjóðernishyggju á íslenska stjórn málaumræðu“, *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 169 vor 1995, bls. 95-134.
- Gísli Gunnarsson, „Söguskoðun, stjórn mál og samtíminn“, *Saga. Tímarit Sögufélags* XXXIII 1995, bls. 99-109.
- Gísli Gunnarsson, „Íslenskt samfélag 1550-1830 í sagnritun 20. aldar“, *Saga. Tímarit Sögufélags* XXXVIII 2000, bls. 84-108.
- Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk söguendurskoðun“, *Saga. Tímarit Sögufélags* XXXIII 1995, bls. 62-67.
- Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið, uppruni og endimörk*. Hið íslenska bókmenntafélag, ReykjavíkurAkademían, Reykjavík 2001.
- Guðmundur Hálfðanarson, „Sameiginlegar minningar og tilvist íslenskrar þjóðar“, 2. *íslenska sögubíngið 30. maí – 1. júní 2002. Ráðstefnurit II*. Erla Hulda Halldórsdóttir ritstjóri. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands, Sögufélag, Reykjavík 2002, bls. 302-18.
- Gunnar Karlsson, „Spjall um rómantik og þjóðernisstefnu“, *Tímarit Máls og menningar* 46:4 nóv. 1985, bls. 449-57.
- Hilma Gunnarsdóttir, „Íslensk söguendurskoðun. Aðferðir og hugmyndir í íslenskri sagnfræði á áttunda og níunda áratug tuttugustu aldar.“ *Frá endurskoðun til upplausnar. Tvær prófritgerðir, einn formáli, þrjú viðtöl, sjö fræðigreinar, fimm ljósmyndir, einn eftirmáli og nokkrar minningargreinar af vettvangi hugvísinda*. Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon ritstjórar. Reykjavík, 2006, bls. 23-110.
- Íris Ellenberger, *Íslandskvikmyndir 1916-1966. Ímyndir, sjálfsmynd og vald. Meistaraprófsritgerðir 2*. Valur Freyr Steinarsson umsjónarmaður útgáfu. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2007.
- Íslenskir sagnfræðingar II Viðhorf og rannsóknir*. Loftur Guttormsson, Páll Björnsson, Sigrún Pálsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon ritstjórar. Mál og mynd, Reykjavík 2002. Ýmsar greinar.
- Jón Ólafur Ísberg, „Hugleiðingar um söguskoðun Íslendinga“, *Saga. Tímarit Sögufélags* XXIX 1991, bls. 123-42.

Saga. Tímarit Sögufélags XXXVIII 2000. Megnið af heftinu er helgað sagnritun Íslendinga en í þessu samhengi er áhugavert að skoða greinar Inga Sigurðssonar, Jón Viðars Sigurðssonar, Helga Þorlákssonar, Gísla Gunnarssonar, Gunnars Karlssonar, Lofts Guttormssonar, Guðmundar Jónssonar og Guðmundar Hálfðanarsonar.

Gagnrýni á þessar greinar britist í sama tímariti 2003: Sigurður Gylfi Magnússon, „Aðferð í uppnámi. Tuttugasta öldin vegin“, *Saga. Tímarit Sögufélags XLI:1* 2003, bls. 15-54.

„Sagan og samtíminn. Ráðstefna um söguskoðun Íslendinga“, *Saga. Tímarit Sögufélags XXXIII* 1995, bls. 55-109. Greinar eftir Pétur Gunnarsson, Guðmund Hálfðanarson, Önnu Agnarsdóttir, Gunnar Karlsson, Einar Má Guðmundsson, Jón Hjaltason og Gísli Gunnarsson.

Sigurður Gylfi Magnússon, „Íslensk sagnfræði 1980-2005: Yfirlit“, *Frá endurskoðun til upplausnar. Tvær prófritgerðir, einn formáli, þrjú viðtöl, sjö fræðigreinar, fimm ljósmyndir, einn eftirmáli og nokkrar minningargreinar af vettvangi hugvísinda*. Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon ritstjórar. Reykjavík, 2006, bls. 211-260.

Sumarliði R. Ísleifsson, „Fyrirmyndarsamfélagið Ísland“, *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands* 1, 2002, bls. 117-29.

Tinna Grétarsdóttir, „Sýndarsýningin Ísland“, *2. íslenska söguþingið 30. maí – 1. júní 2002. Ráðstefnurit II*. Erla Hulda Halldórsdóttir ritstjóri. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands, Sögufélag, Reykjavík 2002, bls. 381-99.

„Þjóðerni og sjálfsmynd. Sagnfræðiprófessorarnir Guðmundur Hálfðanarson og Gunnar Karlsson í samtali við Ólaf Rastrick í tilefni af greinasafninu *Þjóðerni í þúsund ár?*“, *Þjóðerni í þúsund ár?* Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Sverrir Jakobsson ritstjórar. Háskólaútgáfan, Reykjavík 2003, bls. 237-53.

Þorgerður Þorvaldsdóttir, „Hreinlegur uppruni/upprunalegur hreinleiki“, *2. íslenska söguþingið 30. maí – 1. júní 2002. Ráðstefnurit II*. Erla Hulda Halldórsdóttir ritstjóri. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands, Sögufélag, Reykjavík 2002, bls. 417-24.